

Vor –

Útskriftar –

Óvissu –

Loka –

ferð 10.bekkinga Lindaskóla 2, 3 og 4. Júní 2010.

Hin árlega ferð 10.bekkinga stóð þessa daga og mega lesendur velja hvers kyns ferð þetta var (það er nú ekki alltaf sem lesendur fá slíkt val!).

Ekið var sem leið liggur beint út í óvissuna en með ágætis veðurspá í farteskinu og ferðatilhögun uppá vasann. Foreldrar höfðu skipulagt herlegheitin, útbúið bæði hópinn og sína eigin unga með nesti og enga vitneskju um hvað biði þeirra „...bak við yztu sjónarrönd“.

Fyrsti viðkomustaður var Hveragerði neðan Kambabrunar og framundan var ratleikur um allan bæ. Í upphafi fengu þau í hendur e-ð plan og tvö egg, hrá. Eitt fjölmargra verkefna var að skila a.m.k. öðru þeirra harðsoðnu. Þetta endaði á „svifrennsli“ yfir gil ofarlega í bænum, þar mátti heyra margan skrækinn, t.d. tilhlökkunarskræk, kvíðaskræk, ánægjuskær, lofthræðsluskær, spennuskær og p...skær. Við kennarar sátum á kaffihúsi og sáum nemendur (yfirleitt) hlaupa framhjá í áður mótuðum hópum, full kapps og gleði, sveitt og sæl í hita dagsins og leiksins. Þessi heimsókn þar í bæ endaði á veitingastað í heilmiklu pizzuúrvali.

Þá var haldið á dvalarstað, sem voru Hestheimar, rétt vestan Hellu. Skemmtileg aðstaða hvar hópnum var skipt á tvo svefnstaði, í bjartsýniskasti var skiptingin einföld; þeir, sem „lofuðu“ að vera stilltir og svo órólega deildin. Þegar á reyndi var þessi skipting nánast algjörlega út í hött. Kvöldmatur á staðnum, borðstofa í sama húsi og hesthús og reiðaástaða þessa staðar sem m.a. rekur reiðskóla innan í fjölbreyttri aðstöðu fyrir ferðamenn. Sumir 10.bekkinga ætluðu aldrei að venjast FJÓSA-lyktinni!!! Á staðnum voru þrír kettlingar að stálpast og nokkrar yngismeyjjanna voru nánast með hjartað utan klæða og talandi eins og kvaldir þrestir í sardínudós. Kvöldið var bara í skipulagsleysi, nemendur að hlaupa ráðvillt en í einum tilgangi aðeins, að nú skyldi gaman, hvað sem það kostaði. Enskukennarinn sat og hnýtti veiðiflugur og leit stundum til með hópnum, íslenzkukennarinn kom sér upp sömu afstöðu; maður reynir voða lítið að stjórna ferð kálfa fyrst þá þeir fara út að vori. Einu fyrirmæli kvöldsins voru um morguninn eftir; vegna dagskrár þá mundi verða ræst klukkan 08:00, og þá meinum við RÆST.

Tvennum sögum fór af hvenær ró komst á þarna um nóttina, sumir sögðu aldrei og skipting í dýragarð og villidýragarð frá því fyrir um daginn var bara aðhláturfefni, svona eftir á skoðað.

En þetta gekk eftir, morgunmatur og rúta, ekið upp á Lyngdalsheiði NA við Þingvallavatn. Á dagskrá var hellaskoðun í tvær klst. Reyndar átti akstur okkar á þann stað að taka einn og hálfan tíma, en tók 45 mínútur svo við vorum aðeins í fyrra kastinu. Það reddaðist. En tveggja tíma hellaskoðunin var líka afgreidd á 45 mínútum og sannaðist enn reynsla okkar frá vetrinum, nemendur 10.bekkingar eru afreksfólk !!

Nú voru dýr ráð góð, úps - góð ráð dýr!

En kennarar hafa ráð undir rífi hverju (þó djúpt sé inn að rífinu hjá öðrum þeirra) og var nú brugðið á aukánúmer, sem hvergi var á blaði, nesti snætt að Skipalóni, í sumarbústaðalóð við áður nefnt stöðuvatn. Þar var tveggja tíma viðstaldur og þótti nemendum mest til koma að þar á bæ var sjónvarp, sem ekki var flatskjár og létu nokkrir nemendur myndasig við tækið ! – það þótti svo „krúttaralegt“.

Þá var ekið upp Árneshöfði að Drumboddsstöðum og gert klárt í þriggja tíma siglingu á gúmmítuðrum niður Hvítá, yfir flúðir og breiður og endað á hoppi af sex til átta metra háum kletti út í ána. Þetta þótti dúndur gaman og ein útskriftardaman, sem vitað er að hefur farið víða um heim, dansandi af gleði og föri, fullyrti að þetta hefði verið það skemmtilegasta, sem hún hefði nokkurn tíma gert !! Svo var snæddur samborgari (eða var það hamborgari ?) heima á stöðum Drumbodds og svo haldið í náttstað. Heldur seig nú svefnhöfði á brá þessara barna af höfuðborgarsvæðinu, eða kannski yfirskammtur súrefnis?

Nóttin seinni var stillt og þrúð, nokkrir nemendur útveguðu sér m.a.s. mynddiska til skoðunar, sumir „bara“ sofnuðu og þeir sem vildu „trylling“ svona í síðasta sinn fengu harla litlar undirtektir.

Daginn eftir var heimferð. Nemendur ótrúlega snöggir og iðnir við að þrifa og gera klárt eftir dvöl sína á staðnum, margar hendur á lofti sem allar unnu vel og faglega – já þau kunna þetta!

Komið að Lindaskóla um hádegi. Veður hafði leikið við okkur þó mistur goss og hita gætti í lofti hvar við fórum.

Góð ferð – gott veður –gott fólk.

Útskrift var síðan um eftirmiðdaginn og þessu lokið.

Þessu góða fólk er hér með þökkun samferðin og óskað góðs á ferðalagi lífsins.

Anna Pála Gísladóttir

Pjetur Þ.Maack